

# SKÝRSLA STJÓRNAR Stéttarfélags verkfræðinga (SV)

fyrir starfsárið  
2005-2006



# Efnisyfirlit

<b>1. STJÓRN OG FÉLAGAR</b> .....	<b>3</b>
<b>2. FRAMKVÆMDASTJÓRI OG REKSTUR</b> .....	<b>3</b>
<b>3. SAMNINGANEFNDIR</b> .....	<b>3</b>
SAMNINGANEFND VIÐ RÍKI .....	3
SAMNINGANEFND VIÐ REYKJAVÍKURBORG .....	4
SAMNINGANEFND VIÐ FRV .....	4
LAUNANEFND SVEITARFÉLAGA .....	4
<b>4. ÚTGÁFUMÁL</b> .....	<b>5</b>
HEIMASÍÐAN.....	5
VERKTÆKNI.....	5
KYNNINGARBÆKLINGUR UM SAMEININGARMÁL .....	5
ORLOFSSJÓÐUR .....	5
<b>5. KJARAKANNANIR</b> .....	<b>5</b>
<b>6. NORRÆNT SAMSTARF</b> .....	<b>6</b>
NIL 42.....	6
HEIMSÓKN FRÁ CIVILINGENJÖREN .....	6
<b>7. KYNNINGARMÁL</b> .....	<b>6</b>
NEMAR Í HÍ .....	6
NEMAR Í DTU Í KAUPMANNAHÖFN OG AUC ÁRÓSUM .....	6
NORÐURLANDSDEILD VERKFRÆÐINGA OG TÆKNIFRÆÐINGA .....	6
<b>8. SAMSTARF VIÐ ÖNNUR FÉLÖG</b> .....	<b>7</b>
STÉTTARFÉLAG TÖLVUNARFRÆÐINGA .....	7
FÉLAG TÆKNIMANNA LANDSVIRKJUNAR .....	7
STÉTTARFÉLAG BYGGINGARFRÆÐINGA .....	7
VFÍ OG TFÍ.....	7
ENSÍM NEFND.....	7
<b>9. ORLOFSMÁL</b> .....	<b>7</b>
<b>10. LÖGFRÆÐIADSTOÐ</b> .....	<b>8</b>
<b>11. UMSAGNIR UM LAGAFRUMVÖRP</b> .....	<b>8</b>
<b>12. VISTABÖND Í RÁÐNINGARSAMNINGUM</b> .....	<b>8</b>
<b>13. SAMEININGARMÁL</b> .....	<b>8</b>
<b>14. ÖNNUR STARFSEMI SV</b> .....	<b>10</b>
SJÚKRASJÓÐUR SV .....	10
FJÖLSKYLDU- OG STYRKTARSJÓÐUR SV.....	10
VÍSINDA- OG STARFSMENNTUNARSJÓÐUR, STARFSMENNTUNARSJÓÐUR .....	10
<b>15. NIÐURLAG</b> .....	<b>10</b>

## 1. Stjórn og félagar

Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga (SV) síðastliðið starfsár skipuðu:

➤	Sveinbjörg Sveinsdóttir	formaður
➤	Jóhanna Harpa Árnadóttir	varaformaður
➤	Hulda Guðmundsdóttir	fráfarandi formaður
➤	Baldur Grétarsson	gjaldkeri
➤	Sigurður E. Guttormsson	ritari
➤	Arnar Gestsson	meðstjórnandi
➤	Sveinn Víkingur Árnason	meðstjórnandi
➤	Eysteinn Einarsson	varamaður kosinn til eins árs
➤	Daði Jóhannesson	varamaður

Úr stjórn ganga Arnar Gestsson, Baldur Grétarsson, Eysteinn Einarsson, Hulda Guðmundsdóttir og Sigurður E. Guttormsson. Hulda og Sigurður gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn til eins árs. Stjórnin færir Arnari, Baldri og Eysteini sérstakar þakkir fyrir óeigingjarnt og dyggilegt starf fyrir félagið.

Alls hlutu 57 félagar inngöngu í félagið á árinu 2005. Úrsagnir úr félaginu voru 7, 39 voru teknir af félagaskrá vegna vangreiddra árgjalda og 4 inngöngubeiðnum var frestað vegna ónógra gagna.

Skipting félagsmanna er sú að 174 félagar vinna á verkfræðistofum, 256 hjá ríki, 76 hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum, 398 á almennum markaði og 55 félagar eru í námi og erlendis og því ekki fullborgandi. Alls eru því um 931 félagsmaður í SV.

## 2. Framkvæmdastjóri og rekstur

Árni B. Björnsson hefur verið framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi frá árinu 2000. Árni stýrir daglegum rekstri félagsins og situr stjórnarfundum sem og fundum á vegum nefnda þess. Ingigerður Jónsdóttir var ráðin í hálfstarf hjá félaginu síðsumars 2005. Ingigerður sinnir ýmsum þjónustuverkum fyrir félagsmenn auk almennra skrifstofustarfa. Margrét Hólmsteinsdóttir bókarari, sem starfað hafði hjá félaginu síðan árið 2002 hætti störfum að eigin ósk um mitt ár 2005. Í kjölfar þess var sú ákvörðun tekin að úthýsa vinnu við bókhald til reynslu.

Samstarf SV og Verkfræðingafélags Íslands hefur verið að aukast stig af stigi og er samstarf félaganna mjög gott. Þessi aukna samvinna leiðir óneitanlega til hagræðingar og bættrar þjónustu við félagsmenn félaganna. Á starfsárinu voru tölvugögn SV færð yfir á sameiginlegan netþjón SV og VFÍ. Þá var félagaskrá SV færð yfir í Navision úr Fjölmi. Þessar breytingar auðvelda mjög alla starfsemi SV og skapa sóknarfæri inn í framtíðina.

## 3. Samninganefndir

### Samninganefnd við ríki

Í samninganefnd SV við ríki sátu:

➤	Helga R. Eyjólfsson, formaður
➤	Elín G. Guðmundsdóttir
➤	Gísli Georgsson
➤	Steingrímur Jónsson
➤	Sveinn Víkingur Árnason

Gildandi kjarasamningur var samþykktur af félagsmönnum á vordögum 2005. Samningurinn, sem gerður var í samvinnu við Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ) gildir til 30. apríl 2008.

Unnið var að gerð stofnanasamninga á starfsárinu. Þeir eru í flestum tilfellum gerðir í samvinnu við BHM félag. Samvinnan hefur í flestum tilvikum gengið vel en síðan verður metið hvort þessi leið sé fýsilegur kostur í framtíðinni. Auknar greiðslur í Lífeyrissjóð verkfræðinga er eitt mikilvægasta atriðið í þessum kjarasamningi en með þeim er áragamalt baráttumál SV í höfn.

## Samninganefnd við Reykjavíkurborg

Í samninganefnd SV við Reykjavíkurborg sátu:

- Auður Ólafsdóttir formaður
- Árni Ísberg (hætti í febrúar)
- Bjarni Guðmundsson
- Stefán A. Finnsson

Samninganefndin hóf vinnu við gerð nýs kjarasamnings á vordögum 2005 en þáverandi kjarasamningur rann út þann 30. nóvember 2005. Samningaviðræður við Reykjavíkurborg hófust síðastliðið vor en það var ekki fyrr en seint í haust sem einhver skriður komst á viðræðurnar. Undirritaður var nýr kjarasamningur aðila þann 12. desember 2005 sem gildir til 31. október 2008.

Í þeim samningi er fallist á að taka upp starfsmatskerfi sem Reykjavíkurborg hefur verið að innleiða í sem flesta kjarasamninga. Af öðrum kjarabótum sem náðust með þessum samningi má nefna hækkanir sem voru gerðar á mótframlagi Reykjavíkurborgar í lífeyrissjóði.

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að starfsmati verkfræðinganna og er nánast öllum starfsmatsviðtölum lokið en úrvinnsla er eftir.

## Samninganefnd við FRV

Í samninganefnd við Félag ráðgjafarverkfræðinga sátu:

- Eysteinn Einarsson, formaður
- Ásberg Ingólfsson
- Ragnar Hauksson

Samninganefnd SV starfaði síðasta ár með samninganefnd KTFÍ líkt og undanfarin ár. Sameiginlegur tengiliður fyrir SV og KTFÍ er á hverri stofu. Engir samráðsfundir samninganefnda SV/KTFÍ og FRV voru haldnir. Í gildi er kjarasamningur frá 1. janúar 2005 sem gildir til 31. des 2007. Samkvæmt samningnum hækkuðu laun 1. janúar 2005 um 4,9% og 1. janúar 2006 um 5,1%. 1. janúar 2007 munu laun hækka um 4,9%. Framkvæmdastjóri SV setti fyrir hönd samninganefndanna fram ósk um auknar greiðslur í lífeyrissjóð í janúar 2006. Erindinu var hafnað af stjórn FRV

## Launanefnd sveitarfélaga

Í samninganefnd við Launanefnd sveitarfélaga sátu

- Tove Skjenstad
- Árni Ísberg

Viðræður við Launanefnd sveitarfélaga voru sameiginlegar með KTFÍ og hófust skömmu fyrir páska 2006. Launanefndin vildi að félagin féllust á að gera hliðstæðan kjarasamning og önnur háskólafélag í BHM gerðu við nefndina. Þeir samningar eru talsvert frábrugðnir gildandi samningum félaganna. Ekki höfðu tekist samningar í byrjun maí.

## 4. Útgáfumál

### Heimasíðan

Á heimasíðunni er aðgangur að miklu magni upplýsinga og er heimasíðan öflugur fréttamiðill félagsins. Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands áforma gerð nýrrar heimasíðu fyrir félögin. Félögin leituðu fanga hjá SV vegna þátttöku félagsins í vinnunni. Ákveðið var að koma ekki að verkefninu að þessu sinni, enda þjónar núverandi heimasíða félagsmönnum ágætlega og þátttaka því ekki talin réttlæt看legt frá kostnaðarlegu sjónarmiði.

### Verktækni

Eins og undanfarin ár var Verktækni gefið út í samvinnu við VFÍ og TFÍ. Sigrún S. Hafstein er ritstjóri blaðsins. Laun ritstjóra og aðstaða er fjármögguð með beinum framlögum frá félögunum þremur. Prentvinnslufyrirtækið Grafík sér um prentvinnslu og dreifingu blaðsins og er sá hluti útgáfunnar fjármagnaður með auglýsingum sem Grafík sér um að selja. Bryddað var upp á þeirri nýjung að gera blaðið aðgengilegt á rafrænu formi á heimasíðu SV um mitt ár 2005. Félagið hefur verið mjög sýnilegt í blaðinu á liðnu starfsári, enda framkvæmdastjóri SV ötull við að skrifa í blaðið.

Í ritnefnd eru :

- Sveinbjörg Sveinsdóttir formaður, fyrir SV
- Ólafur Pétur Pálsson fyrir VFÍ
- Árni Þór Árnason fyrir TFÍ

### Kynningarbæklingur um sameiningarmál

Vegna kynningar á mögulegu nýju félagi verkfræðinga og tæknifræðinga, ákváðu SV, TFÍ og VFÍ að ráðast í gerð kynningarbæklinga. Hann birtist sem fjórblöðungur í 8. tbl. Verktækni 2005. Guðjón Aðalsteinsson kom að gerð bæklinga fyrir hönd SV.

### Orlofssjóður

Sumarbækling Orlofssjóðsins fyrir sumarið 2006 er að finna á heimasíðu SV. Í bæklingnum eru myndir, kort, upplýsingar og gagnvirkir tenglar á þá staði sem verið er að leigja út.

## 5. Kjarakannanir

Fastur liður í starfsemi félagsins er gerð og útgáfa kjarakönnunar á meðal verkfræðinga einu sinni á ári. Kjarakönnun 2006 var gerð á vefnum og var skilafrestur til 28. apríl. Alls bárust 385 svör sem er minni þátttaka en vænst hafði verið, enda tryggir góð þátttaka áreiðanlegri niðurstöður um kaup og kjör og þar með betri upplýsingar til stéttarinnar um samanburðarkjör. Á undanförunum árum hefur kjarakönnunin leitt í ljós kynbundin launamun innan stéttarinnar. Með hliðsjón af lagalegri skyldu SV sem stéttarfélags að "vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði" eins og segir í 13. gr. Jafnréttislaga, verður reynt að greina þennan launamun betur en verið hefur hingað til, eftir því sem kostur er. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands sér alfarið um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar. Ráðgert er að niðurstöður könnunarinnar liggi fyrir í byrjun júní.

Markaðslaunataflan var gefin út að venju en hún nýtist sérstaklega vel meðal þeirra félagsmanna SV sem starfa á almennum markaði, en fyrir þann hóp gerir félagið ekki almenna kjarasamninga.

Fyrir dyrum stendur að fara í gerð nýrrar kjarakönnunar á meðal félagsmanna sem eru starfandi á FRV stofum, en síðasta könnun fór fram á árinu 2004.

## 6. Norrænt samstarf

### NIL 42

Frá 29. nóvember til 2. desember 2005 var haldinn norrænn fundur um kjaramál verkfræðinga (Nordiska Ingenjörslönemötet). Þetta er árlegur samráðsfundur og var hann að þessu sinni haldinn í Helsinki. Fyrir hönd SV sóttu fundinn Sveinbjörg Sveinsdóttir formaður og Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri.

Á fundinn mæta fulltrúar frá öllum verkfræðingafélögum á Norðurlöndum. Af hálfu KTFÍ sóttu fundinn að þessu sinni Bjarni Bentsson, formaður og Jón Ísaksson Guðmann varaformaður. Á NIL fundi mæta þeir starfsmenn norrænu félaganna sem hafa með samningamál og kjaramál að gera. Kynntar eru nýjungar í starfi félaganna og farið yfir starfseminu á liðnu ári.

Ákveðið var að næsti NIL fundur, NIL 43 verði haldinn á Íslandi dagana 13-14. september 2006. SV og KTFÍ munu standa saman að fundinum. Miðað er við að dagskrá fundarins liggja fyrir í lok maímánaðar. Árni B. Björnsson fór í aprílmánuði á undirbúningsfund sem haldinn var í Stokkhólmi. Er þetta í fyrsta sinn í sögu félagsins, sem framkvæmdastjóri félagsins fer á þennan fund.

### Heimsókn frá Civilingenjören

Karin Virgin blaðamaður hjá Civilingenjören, sem sænska verkfræðingafélagið gefur út sótti félagið heim í októbermánuði. Erindi hennar hingað til lands var að víða að sér efni um vinnumarkað og aðstæður íslenskra verkfræðinga og helstu framkvæmdir hér á landi. Framkvæmdastjóri SV og ritstjóri Verktækni, fylgdu Karin austur á land og skoðuðu framkvæmdirnar við Kárahnjúkavirkjun og Fjarðaál. Karin heimsótti einnig fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem hún kynnti sér umræðu vegna sameiningarmála. Ítarleg umfjöllun hennar birtist í 10. tölublaði Civilingenjören 2005.

## 7. Kynningarmál

### Nemar í HÍ

Formaður og framkvæmdastjóri heimsóttu verkfræðinema í HÍ í mars 2006 og kynntu félagið og þjónustu þess. Fundurinn var vel sóttur og voru verkfræðinemar mjög áhugasamir að fræðast um starfsemi SV. Ljóst er að áhugavert væri að víkka þennan þátt í starfseminni út enn frekar og auka samstarf við verkfræðinema.

### Nemar í DTU í Kaupmannahöfn og AUC Árósum

Framkvæmdastjóri hélt kynningarfundu í Kaupmannahöfn og Árósum fyrir nema í verkfræði í DTU og AUC. Fundurnir voru mjög vel sóttir á báðum stöðum en fundurinn í Kaupmannahöfn var sameiginlegur með VFÍ. Nemendur voru áhugasamir um að fræðast um þjónustu og starfsemi félagsins og að hverju er að hyggja þegar farið er út á vinnumarkaðinn.

### Norðurlandsdeild verkfræðinga og tæknifræðinga

Framkvæmdastjóri SV fór á fund Norðandeldar verkfræðinga (VFÍ) og tæknifræðinga (TFÍ) á Akureyri ásamt fulltrúum frá VFÍ og TFÍ. Starfsemi SV var kynnt auk þess sem fjallað var um sameiningarmál.

## 8. Samstarf við önnur félög.

### Stéttarfélag tölvunarfræðinga

SV hefur í rúm 4 ár séð um rekstur Stéttarfélags tölvunarfræðinga (ST). Nú eru um 70 tölvunarfræðingar í ST. Um er að ræða tölvunarfræðinga utan kjarasamninga sem gera einstaklingsbundna ráðningarsamninga.

### Félag Tæknimanna Landsvirkjunar

Síðan á árinu 2004 hefur SV séð um rekstur Félags Tæknimanna Landsvirkjunar og eru nú um 50 félagsmenn í félaginu en af þeim eru milli 5-10 þegar félagar í SV. Í félaginu eru auk verkfræðinga, tæknifræðingar, tölvunarfræðingar o.fl.

### Stéttarfélag byggingarfræðinga

Í september 2005 var skrifað undir samning við Stéttarfélag byggingarfræðinga um rekstur félagsins og eru nú um 45 félagsmenn í félaginu. Félagsmenn greiða í sjúkra- og orlofssjóð SV og eru allir með einstaklingsbundna ráðningarsamninga.

### VFÍ og TFÍ

Á starfsárinu var í gangi mjög mikið samstarf á milli SV, TFÍ og VFÍ og einkum og sér í lagi, í tengslum við mögulega sameiningu félaganna.

Á starfsárinu tók SV þátt í þremur fundum í samvinnu við VFÍ og TFÍ:

- Fulltrúaráðsfundur VFÍ 11.5.2005
- Samráðsfundur SV, TFÍ og VFÍ 21.10.2005
- Kynningarfundur SV, TFÍ og VFÍ fyrir félagsmenn um sameiningarmál, 9.11.2005
- Fulltrúaráðsfundur VFÍ 9.5.2006

### ENSÍM nefnd

Fulltrúi SV í ENSÍM nefndinni er Ragnar Hauksson.

## 9. Orlofsmál

Orlofssjóður Stéttarfélags verkfræðinga (OSV) hefur starfað frá árinu 1997. Félagar í orlofssjóðnum eru allir félagsmenn stéttarfélagsins sem greitt er fyrir í sjóðinn. Í sjóðinn er nú greitt fyrir verkfræðinga hjá ríki og Reykjavíkurborg og sveitarfélögum auk flestra á almennum markaði að undanskildum verkfræðistofum, nema í undartekningartilfellum.

Úrvinnsla umsókna fyrir sumar 2006 stendur nú yfir en skilafrestur umsókna var til 3. apríl. Fjöldi umsókna var 105 og eru það heldur færri umsóknir en undanfarin ár.

Orlofssjóðurinn á tvo bústaði og eru þeir staðsettir í landi Hraunborga í Grímsnesi. Annar bústaðurinn var tekinn í notkun 2001 en hinn var tekin í notkun í júní 2003. Allir aðrir gístmöguleikar sem sjóðurinn býður upp á eru leigðir af utanaðkomandi aðilum og áframleigðir til félagsmanna.

Í stjórn Orlofssjóðs sitja:

- Kristján M. Ólafsson
- Sigurður Áss Grétarsson
- Sveinn Víkingur Árnason
- Þórir Guðmundsson

## 10. Lögfræðiaðstoð

SV greiddi kr. 2.063.000 í lögfræðiaðstoð á árinu. Lögfræðiaðstoð til félagsmanna er einn af hornsteinum starfsemi félagsins. Því miður þurfti mikill fjöldi félagsmanna á slíkri aðstoð að halda á starfsárinu. Kom þá oft berlega í ljós hve gríðarlega mikilvægur bakhjarl SV er. Mál tveggja félagsmanna vegna lögbanns á framleiðslu og sölu tiltekinnar vöru vannst í Héraðsdómi Reykjavíkur. Þegar liggur fyrir að málinu mun ekki verða áfrýjað af hálfu sækjanda.

## 11. Umsagnir um lagafrumvörp

Félagið veitti umsagnir um tvö lagafrumvörp á starfsárinu: Sameining Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins, Iðntæknistofnunar og Byggðastofnunar og stofnun Nýsköpunarmiðstöðvar og frumvarp til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkarétti.

## 12. Vistabönd í ráðningarsamningum

Framkvæmdastjóri félagsins, fulltrúar úr stjórn félagsins auk lögmans félagsins funduðu með Árna Magnússyni þáverandi félagsmálaráðherra í júní. Áður hafði félagið kynnt sér lög sem gilda á Norðurlöndunum og í Þýskalandi og takmarka notkun á vistarböndum. Ákveðið var að lögfræðingur félagsins myndi vinna áfram að málinu í samvinnu við skrifstofustjóra ráðuneytisins.

## 13. Sameiningarmál

### Aðdragandinn

Hugmyndir um að sameina Stéttarfélag verkfræðinga, Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands hafa verið til skoðunar hjá félögum undanfarin ár. Á tímabilinu hefur verið starfrækur stýrihópur félaganna sem skipaður er formönnum og varaformönnum þeirra hverju sinni og hefur hann leitt starfið. Tvær nefndir störfuðu í umboði stýrihóps félaganna á árunum 2003 –2005. Fyrri nefndin skilaði af sér skýrslu í desember 2003 og var niðurstaða hennar sú að stefnt skyldi að sameiningu félaganna þriggja. Síðari nefndin skilaði af sér skýrslu í janúar 2005 og lagði til að nýtt félag yrði stofnað og byggt á endurskipulögðu VFÍ.

### Vinna á árinu 2005

Vinna við sameiningarmál var þungamiðjan í starfssemi SV á starfsárinu 2005-2006 enda var stjórn sammála um að leiða málið til lykta á lýðræðislegan máta á starfsárinu. Að málinu komu formaður og varaformaður SV sem áttu sæti í stýrihópi félaganna þriggja, stjórn félagsins sem fjallaði um málið með reglulegum hætti, félagsmenn sem aðstoðuðu stýrihóp auk framkvæmdastjóra félagsins.

Vinna SV hófst á formlegan hátt með kynningarfundum fyrir félagsmenn í apríl. Í kjölfarið var farið í rafræna viðhorfskönnun á meðal félagsmanna í maí, þar sem könnuð voru viðhorf þeirra til sameiningar SV við TFÍ og VFÍ. Svarhlutfall í könnuninni var 51,97% en fjöldi í úrtaki var 862 manns. Niðurstaðan var á þá lund að 79,69% félagsmanna voru samþykkir að stefnt skyldi að sameiningu félaganna þriggja sem fyrst en 20,31% voru þessu andsnúnir. Ýmsar gagnlegar ábendingar bárust með í athugasemdum við könnunina.

Á vordögum 2005 fékk stýrihópurinn Sævar Kristinsson ráðgjafa frá Netspor til liðs við sig til að aðstoða við stefnumótunavinnuna. Síðar bættist lögmaður SV í hópinn, Lára V. Júlíusdóttir og aðstoðaði við gerð stofnsamnings félaganna, draga að lögum fyrir nýtt félag og tímaáætlunar fyrir samrunaferlið. Lögmaður TFÍ og VFÍ kom einnig að málinu. Í júní skipulagði stýrihópur heimsókn til IDA í Danmörku og CF í Svíþjóð í þeim tilgangi að víða að sér upplýsingum og fræðast um reynslu félaganna af sameiningarmálum. Er liðið var á haust aðstoðaði endurskoðandi félaganna, Kristinn Gestsson við gerð fjárhagsáætlunar fyrir hið nýja félag.

Undir lok sumars 2005 lagði stýrihópurinn fram tillögur um uppbyggingu og stefnumótun sameiginlegs félags sem m.a. voru byggðar á niðurstöðum þeirra tveggja nefnda sem störfuðu fyrir hópinn og upplýsingum sem sóttar voru til félaga verkfræðinga og tæknifræðinga í öðrum löndum um reynslu þeirra af sambærilegum samrunaferlum félaga. Lagt var til að öll félögin

myndu sameinast í einu félagi, Verkfræðingafélagi Íslands, sem yrði öflugur málsvari fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga og sem gætti hagsmuna félagsmanna í hvívetna og stæði vörð um réttindi þeirra og gæði menntunar. Auk þess að innan félagsins myndi fara fram öflug og lifandi starfsemi myndi félagið stuðla að bættum kjörum og aukinni starfsánægju félagsmanna. Að lokinni umfjöllun í stjórnnum félaganna tók við kynning á niðurstöðunum í Verktækni og á fundum.

Tillögur stýrihóps voru kynntar á meðal hóps félagsmanna á Samráðsfundi SV, TFÍ og VFÍ í október. Í framhaldinu var haldinn sameiginlegur félagsfundur SV, TFÍ og VFÍ 9. nóvember en þar sagði Lisbeth Kaas Andersen frá IDA frá sameiningu verkfræðinga og tæknifræðinga í Danmörku, Láru V. Júlíusdóttir lögfræðingu kynnti drög að lögum og stofnsamingi, Kristinn Gestsson endurskoðandi kynnti fjárhagsáætlun 2007, Eysteinn Einarsson ræddi markmið og framtíðarsýn nýs félags auk þess sem formenn gerðu stutta grein fyrir afstöðu stjórnar félaganna. Guðmundur G. Þórarinnsson var fundarstjóri. Í framhaldi fundarins hófst undirbúningur fyrir allsherjaratkvæðagreiðslu innan félaganna þriggja.

### **Niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslu innan SV í upphafi árs 2006**

Í janúar 2006, efndi félagið til allsherjaratkvæðagreiðslu á meðal félagsmanna um sameiningarmál og stóð kosning til 10. febrúar 2006. Á sama tíma fór einnig fram allsherjaratkvæðagreiðsla innan TFÍ og VFÍ.

Skemmst er frá því að segja að tillagan var samþykkt í SV þar sem 68,95% þeirra sem greiddu atkvæði sögðu "Já" en 29,34% sögðu "Nei". Kosningabátttaka hjá SV var 39,86%. Þetta nægði þó ekki til að veita málinu brautargengi því félagsmenn í VFÍ felldu tillöguna en 2/3 hluta greiddra atkvæða þurfti til þess að breyta lögum félagsins. Aðeins 57,89% félagsmanna VFÍ sem atkvæði greiddu sögðu "Já" en "41,30%" sögðu "Nei". Kosningabátttaka hjá VFÍ var 44,19%. Félagmenn TFÍ samþykktu tillöguna hins vegar með afgerandi hætti en þar sögðu 96,63% félagsmanna "Já" á en 3,37% sögðu "Nei". Kosningabátttaka hjá TFÍ var 45,91%.

### **"Að aflokinni allsherjaratkvæðagreiðslu"**

Í 2. töl. Verktækni 2006, birtist grein frá stýrihópi félaganna en þar sagði m.a:

*"Niðurstaða lýðræðislegrar allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu SV, TFÍ og VFÍ, er á þann veg að ekki verður af sameiningu félaganna þriggja að þessu sinni. Af lýktum atkvæðagreiðslunna má þó ráða, að félagmenn kjósa frekar aukna samvinnu á milli félaganna heldur en minni. Sú niðurstaða er mikilvæg vísbending fyrir félögin í stefnumótun þeirra og starfi."*

### **Helstu atburðir tengdir sameiningarmálum á starfsárinu**

- Félagfundur SV um sameiningarmál, 27. apríl 2005 í Verkfræðingahúsi
- Viðhorfskönnun SV á meðal félagsmanna, framkvæmd á netinu í maí 2005
- Heimsókn á vegum stýrihóps til IDA í Danmörku og CF í Svíþjóð í þeim tilgangi að fræðast um reynslu félaganna af sameiningarmálum, 6-7. júní 2005.
- Samráðsfundur SV, TFÍ og VFÍ, 21. október 2005 í Verkfræðingahúsi
- Kynningarfundur SV, TFÍ og VFÍ um hugsanlega sameiningu félaganna, 9. nóvember 2005 á Grand Hótel
- Allsherjaratkvæðagreiðsla um sameiningu á meðal félagsmanna SV, á tímabilinu 16. janúar – 10. febrúar 2006.

### **Helstu atburðir á starfsárinu í tengslum við sameiningarmál**

- Stefnumótun sameinaðs VFÍ 2006-2010, tekið saman af Sævari Kristinssyni frá Netspor eftir vinnu í stýrihópi í september 2005
- Framtíðarsýn sameinaðs félags verkfræðinga og tæknifræðinga fyrir árið 2010, tekið saman af Sævari Kristinssyni frá Netspor í september 2005
- Drög að lögum Verkfræðingafélags Íslands, félags verkfræðinga og tæknifræðinga, sem taka eiga gildi 1. janúar 2007, tekið saman af Láru V. Júlíusdóttur
- Tímarammi fyrir áætlað samrunaferli félaganna þriggja, tekið saman af Láru V. Júlíusdóttur
- Stofnsamningur sameinaðs félags, tekið saman af Láru V. Júlíusdóttur
- Atkvæðaseðill vegna allsherjaratkvæðagreiðslu, gerður af Láru V. Júlíusdóttur
- Kynningarbæklingur um sameiningarmál sem dreift var með 8.töl. Verktækni
- Fjárhagsáætlun fyrir sameinað VFÍ 2006-2008, tekið saman af Kristni Gestssyni og framkvæmdastjórn SV, TFÍ og VFÍ

- Kjarasjóðir SV og KTFÍ, samantekt í október 2005, tekið saman af framkvæmdastjórum SV, TFI og VFÍ
- Ýmsar greinar stýrihóps í Verktækni
- Kynningargögn sem unnin voru fyrir samráðsfund í október og kynningarfund í nóvember

## 14. Önnur starfsemi SV

### Sjúkrasjóður SV

SV hefur um árabil rekið sjúkrasjóð fyrir félaga sína. Sjóðurinn er mjög öflugur tryggingarsjóður fyrir verkfræðinga á almennum markaði og er sjóðsaðild háð því að vinnuveitendur greiði lögbundið iðgjald til sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins eru:

- Daði Jóhannesson
- Kristján M. Ólafsson
- Sigurður E. Guttormsson

### Fjölskyldu- og styrktarsjóður SV

Fjölskyldu- og styrktarsjóður SV er eins konar sjúkrasjóður fyrir verkfræðinga sem starfa í opinbera geiranum.

Í stjórn sjóðsins eru:

- Baldur Grétarsson
- Auður Ólafsdóttir
- Hafsteinn Pálsson

### Vísinda- og starfsmenntunarsjóður, Starfsmenntunarsjóður.

Starfsemi sjóðanna var mjög öflug á árinu og hlutu 109 verkfræðingar vilyrði um styrk úr sjóðunum.

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður er rekinn fyrir verkfræðinga hjá ríkinu og Starfsmenntunarsjóður fyrir verkfræðinga hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum.

Í stjórn Starfsmenntunarsjóðs sitja:

- Árni Ísberg
- Þorsteinn Sigurjónsson

Í stjórn Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs sitja:

- Helgi Jóhannesson
- Sigurður Sigurðarson

## 15. Niðurlag

Að lokum vil ég þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn SV og starfsmönnum félagsins ánægjulegt samstarf á starfsárinu, sem og öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn í starfi félagsins. Starfsemi SV hefur eflst mjög á undanförunum árum og er SV orðið öflugt félag sem kappkostar að veita félagsmönnum sínum góða þjónustu. Það er stefna stjórnar SV að halda félagsgjöldum lágum en auka tekjur með fjölgun félaga, bættri innheimtu og aðhaldi í rekstri.

Fyrir hönd stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga

Sveinbjörg Sveinsdóttir  
Formaður